

Framkvæmdanefnd kirkjubings

Fundargerð 1. fundar

17. janúar 2022, kl. 9:30

Mætt eru: *Anna Guðrún Sigurvinsdóttir, formaður sem einnig ritar fundargerð*
Einar Már Sigurðarson
Skúli Ólafsson

Dagskrá fundar

- Fyrsti fundur framkvæmdanefndar
- Endurskoðun fjárhagsáætlunar
- Húsnæðismál yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar

Fyrsti fundur framkvæmdanefndar er settur

Framkvæmdanefndin fundar í fyrsta skipti eftir að störf hennar hófust formlega. Áður hefur nefndin fundað alls tíu sinnum og aflað sér þekkingar á rekstri Þjóðkirkjunnar.

Endurskoðun fjárhagsáætlunar

Sr. Gísli Jónasson, formaður fjárhagsnefndar mætir á fundinn. Áætlað er að leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun ársins 2022 á kirkjubingi í mars 2022. Ákveðið er að halda vinnufund föstudaginn 21. janúar nk. með formanni fjárhagsnefndar og fjármálastjóra.

Húsnæðismál yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar

Frú Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, Drífa Hjartardóttir, forseti kirkjubings og Guðmundur Þór Guðmundsson, starfsmaður kirkjubings mæta á fundinn. Húsnæðismál yfirstjórnar Þjóðkirkjunnar rædd og þeir möguleikar sem eru í boði. Haldið verður áfram að skoða húsnæðismálin með það að leiðarljósi að finna hagkvæmari lausn en Katrínartún.

Fundi slitið kl. 12:00